

## **51. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn að Hólum í Hjaltadal hinn 21. október 2016, kl. 13:00.**

Mætt voru:

Heima á Hólum: Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Laufey Haraldsdóttir og Mette Camilla Moe Mannseth. Í fjarfundi frá Keldnaholti: Katrín Sigurðardóttir og Sævar Skaptason. Fjarverandi voru Jón E. Friðriksson og Jónína Lilja Pálmadóttir.

Fudargerð ritaði Hjördís Gísladóttir

Erla Björk setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stýrði fundi, sem hófst með framlagningu dagskrár og hún samþykkt.

Erla Björk bar upp fundargerð síðasta fundar, til undirritunar. Engar efnislegar athugasemdir höfðu borist við áður útsenda fundargerð, en vegna forfalla var ákveðið að formlegri undirritun hennar, sem og fundargerða næstu tveggja funda á undan, yrði frestað til næsta fundar.

### **Dagskrá:**

#### **1. Ný námsleið við Ferðamáladeild**

Laufey Haraldsdóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar, fór yfir aðdragandann að og ferlið við undirbúning nýrrar leiðar, sem deildin nefnir „BA-nám í gestamóttöku og stjórnun“. Þörfin á slíkri námsleið hefur verið greind, og deildin telur mikil tækifæri fólgin í að bjóða hana. Ákveðið að tengja stofnun henar við 20 ára afmæli Ferðamáladeildar. Fengnir hafa verið tveir erlendir sérfræðingar til að veita ráðgjöf og íslenskur sérfræðingur á þessu sviði hefur verið ráðinn til starfa frá upphafi næst árs.

Nú er unnið að frágangi námskeiðslýsinga og hæfniviðmiða sem birt verða í næstu útgáfu náms- og kennsluskrár, og stefnt er að því að námsleiðin verði í boði frá og með næsta háskólaári. Unnið er að fjármögnun hennar.

Erla Björk upplýsti að námsleiðin hefði þegar verið kynnt í ráðuneyti mennta- og menningarmála.

Allir fundarmenn tóku til máls undir þessum dagskrárlið. Allir sammála um að halda beri þessum undirbúningi áfram, en háskólaráðsmenn voru nokkuð efins um að heiti námsbrautarinnar sé nægjanlega gagnsætt og niðurstaðan var sú að beina því til deildarinnar að endurskoða nafngiftina, til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning. Að öðru leyti samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Laufey Haraldsdóttir sat hjá við þessa afgreiðslu.

#### **2. Stefna Háskólans á Hólum 2016-2020**

Stefnuskjalið var lagt fram sem eitt skjal, stefna skólans og markmiðssetning einstakra deilda hans.

Erla Björk kynnti stefnuna, og lýsti aðdraganda að gerð hennar. Upphaflega var hún samin á ensku en hefur nú verið snúið á íslensku, efnislega óbreytt að öðru leyti en því að hingað til hefur verið unnið með stefnuna 2015-2019.

Allir fundarmenn tóku til máls undir þessum dagskrárlið. Var það mat þeirra að markmiðssetning deilda eigi fremur heima sem viðaukar við stefnuskjalið en sem hluti af stefnunni sjálfri.

Erla Björk bar stefnuna þannig upp til samþykktar eða synjunar, og var hún samþykkt

samhljóða.

### 3. Háskólar í hættu

Erla Björk kynnti sameiginlegt átak allra háskóla á Íslandi, í tilefni af fjármálaáætlun hins opinbera fyrir árin 2017–2021.

Erla Björk kom fram í útvarpi í upphafi átaksins, en síðan þá hefur Háskólinn á Hólum ekki verið áberandi hvað þetta varðar. Erla Björk stefnir að virkri „herferð“ í byrjun nóvember og kallaði hún eftir aðkomu háskólaráðsfulltrúa að henni. Var þessu vel tekið af öllum viðstöddum.

### 4. Önnur mál

- a. Erla Björk sagði frá því að eitt tilboð hefði borist í falt húsnæði Nemendagarða Háskólans á Hólum. Þessu tilboði hefur þegar verið hafnað og húsnæðið er áfram til sölu.
- b. Erla Björk skýrði frá skuldastöðu Nemendagarða.
- c. Stefnt er að næsta fundi háskólaráðs Háskólans á Hólum mánudaginn 14. nóvember kl. 13.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:32.